

## **ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 2. MAÍ 2023 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.**

Ársæll Hafsteinsson stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Ásta Eyjólfssdóttir yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Ásta tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmaðan og til þess bærann að afgreiða dagskrárefni. En til fundarins var boðað með auglýsingi í dagblaði þann 18. apríl og samhliða því var fundurinn auglýstur á heimasíðu sjóðsins og fundargögn birt, þá var bréf sent til sjóðfélaga þann 17. apríl.

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

### **1. Skýrsla stjórnar**

**Ársæll Hafsteinsson stjórnarformaður LSBÍ sagði að árið 2022 var**

Kæru sjóðfélagar

Sjóðurinn okkar býr að afar farsælum árum og áratugum hvað ávöxtun varðar og hafa sjóðfélagar notið góðs af því, líkt og vera ber, í formi aukinna réttinda á undanförnum árum.

Árið 2022 var sjóðnum þó afar krefjandi, rétt eins og öðrum lífeyrissjóðum og fjárfestum. Árið sem var að líða markar eitt mest krefjandi ár á fjármálamörkuðum frá fyrri hluta síðustu aldar. Heimsfaraldur, stríðsástand, þrálát verðbólga og hækandi vextir voru helstu áskoranir síðasta árs. Nær allir markaðir í heiminum lækkuðu umtalsvert á árinu en hlutabréf lækkuðu að jafnaði meira en skuldabréf. Slíkar markaðsaðstæður undirstrika mikilvægi þess að vera með dreift eignasafn til þess að standast sveiflur á mörkuðum. LSBÍ er með varfærna og íhaldssama fjárfestingarstefnu þar sem vægi skuldabréfa er hátt. Hvað varðar hlutabréfaeignir leggur sjóðurinn upp úr því að fjárfesta í ólíkum eignaflokkum, atvinnugreinum og landsvæðum til þess að dreifa áhættu sem mest. Það breytir hins vegar ekki því að á árinu 2022 áttu nær allar eignir erfitt uppdráttar og má segja að hvergi hafi verið skjól að finna.

Á síðasta ári voru hlutabréf sa eignaflokkur sem lækkaði hvað mest. Úrvalsvítsala Kauphallar Íslands lækkaði um 26,5% en heimsvítsala hlutabréfa lækkaði um 19,5% í Bandaríkjadal eða um 12,0% í íslenskum krónum á árinu.

Hækjun stýrivaxta á árinu og aðrir óvissubættir í efnahagsmálum leiddu til þess að ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði og þar með lækkaði virði þeirra en á móti góðum verðbólga. Nafnávöxtun verðtryggðra ríkisskuldabréfa var á bilinu -8,4% til 5,0% á tímabilinu en óverðtryggðra tölувert lakari eða -17,0% til 2,0%. Í því samhengi ber að nefna að innlent skuldabréfasafn sjóðsins er að megninu til verðtryggt.

Yfirlýsing fjármálaráðherra í október sl. í tengslum við uppgjör og slit ÍL-sjóðs hafði einnig töluverð áhrif til lækkunar á ávöxtun skuldabréfasafns sjóðsins okkar. Lífeyrissjóðir landsins hafa sameinast í vinnu sinni er varðar viðbrögð við þeirri yfirlýsing og fyrirætlunum stjórnvalda. LSBÍ tekur virkan þátt í þeirri vinnu. Það

er niðurstaða þess hóps og þeirra lögfræðinga og ráðgjafa sem hafa komið að málínu að staða lífeyrissjóðanna sé afar sterk í þessu málí. Ekkert liggur þó enn fyrir um niðurstöðu málsins en viðræðum lauk er fyrir lá að stjórnvöld horfðu ekki til fullra efnda við lífeyrissjóðina í þeim viðræðum. Stjórn hefur haldið sjóðfélögum upplýstum um gagn mála með fréttatflutningi á heimasíðu sjóðsins og muna gera það áfram. Ég hvet ykkur til að fylgjast með á þeim vettvangi.

Ávöxtun hefur verið afar góð undanfarin ár og sem dæmi má nefna að árið 2021 var með þeim bestu. Í takt við gang markaða á liðnu ári var ávöxtun á eignasafni LSB árið 2022 þó neikvæð og er raunávöxtun ársins 2022 -14,16%. Þetta er vissulega ekki niðurstaða sem við viljum sjá en í ljósi þróunar allra markaða á árinu 2022 er þetta því miður viðbúin staða. Þá er jafnframt mikilvægt að hafa í huga að ávöxtun lífeyrissjóðs er langhlaup en ekki sprettur og má í því samhengi horfa til lengra tímabils og sjá að meðaltal raunávöxtunar sl. tíu ár er 3,77% sem er góð niðurstaða.

Nokkurn hluta neikvæðrar ávöxtunar má rekja til lækkunar á markaðsvirði ríkisskuldbréfa í kjölfar tilkynningar fjármálaráðherra og fyrirhugaðar aðgerðir ÍL sjóðs. Mikilvægt er að hafa í huga að sú virðislækkun skuldabréfa sem endurspeglast í ávöxtunartölum sjóðsins hefur ekki áhrif á tryggingafræðilegt mat en tryggingafræðilegt mat segir til um það hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar og hefur þannig hárif til hækkunar/lækkunar lífeyris.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur verið með eindæmum góð undanfarin ár líkt og sjóðfélagar þekkja. Á ársfundi sjóðsins 2022 var tryggingafræðileg staða 14% og réttindi aukin um 6%. Árið áður, á ársfundi 2021 var tryggingafræðileg staða sjóðsins 12,56% og réttindi aukin um 5%, árið 2016 var tryggingafræðileg staða sjóðsins 17,6% og voru áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 10% í kjölfarið. Árið 2015 voru réttindi aukin um 2% til viðbótar við 14% aukningu árið 2012. Áhrif afar krefjandi markaðsaðstæðna árið 2022 og aukinnar verðbólgu má þó vissulega sjá á tryggingafræðilegu stöðunni nú og er hún neikvæð um 0,18% í árslok 2022. Sem er þó með því besta sem við sjáum meðal lífeyrissjóða að afloknu krefjandi ári.

Engin sjóður státar af annarri eins sögu tryggingafræðilegrar stöðu og aukningu réttinda líkt og við höfum átt að venjast síðast liðin ár. Vissulega er staðan röngu megin við nállið nú en við stöndum engu að síður frammi fyrir öfundsverðri stöðu í samanburði við aðra sjóði.

Stjórn hefur undanfarin ár staðið frammi fyrir þeirri góðu stöðu að geta aukið réttindi sjóðfélaga. Þau skynsömu skref voru þó tekin að stíga varlega til jarðar og auka réttindi með varfærnum hætti í ljósi þeirra óvissu sem var uppi í efnahagsmálum og á fjármálamörkuðum. Á slíkum tímum þótti mikilvægt að sýna fyrirhyggju, stíga varlega til jarðar og hafa bæði belti og axlabönd þegar lífeyrir okkar allra er annars vegar. Þær ákvarðanir eru farsælar nú og ljóst að hefði það ekki verið gert væri tryggingafræðileg staða sjóðsins að afloknu ári ekki jafn góð og raun ber vitni.

Hér á eftir mun Ólafur Örn Jónsson, sjóðsstjóri Eignastýringar fara nánar yfir ávöxtun sjóðsins og fjárfestingarstefnu og Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, mun fjalla um niðurstöður úr tryggingafræðilegi úttekt sinni á sjóðnum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 24.534 millj. kr. í árslok 2022. Á árinu lækkaði hún um 3.387 millj. kr. en líkt og við vitum öll eru lífeyrisgreiðslur sjóðsins hærri en iðgjöld. Góð ávöxtun hefur hingað til vegið það upp en svo er ekki nú og vinna markaðsaðstæður einnig til lækkunar.

Iðgjöld til sjóðsins voru 7,6 millj. kr. vegna 7 greiðandi sjóðfélaga, en þau voru 7,4 millj. kr. árið áður. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 1 færri en á árinu á undan en eins og kunnugt er þá er sjóðurinn lokaður fyrir nýum greiðendum.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.715 millj. kr. sem er 11,7% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 395 en að meðaltali þáðu 385 lífeyrisþegar greiðslur úr sjóðnum í mánuði hverjum.

Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir kynna helstu niðurstöður ársreiknings sjóðsins.

Stjórn sjóðsins á starfsárinu skipuðu, auk þess sem hér stendur og tók að sér stjórnarformennsku, Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi og Brynja Þorbjörnsdóttir viðskiptafræðingur, MBA. Breyting varð á varastjórn á síðasta ársfundi en þá kom inn Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir í stað Ástu Eyjólfssdóttir sem tók sæti í endurskoðunarnefnd. Varastjórn skipuðu því Lára Jóhannsdóttir, Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir og Sigurður Kristjánsson. Í endurskoðunarnefnd sjóðsins sátu Tryggvi E. Geirsson, formaður, Brynja Þorbjörnsdóttir og Ásta Eyjólfssdóttir.

Ég tel að horfur sjóðsins fyrir yfirstandandi ár séu góðar þrátt fyrir þá fordæmalausu atburði sem við höfum öll staðið frammi fyrir og þá miklu óvissu sem enn ríkir. Staða sjóðsins er sterk og framtíð sjóðsins er á heildina liðið björt.

Ágætu sjóðfélagar. Ég vil þakka góð samskipti við sjóðfélaga frá síðasta ársfundi og enn fremur þakka meðstjörnendum ánægjulegt samstarf. Jafnframt þakka ég framkvæmdastjóra sjóðsins, starfmönnum eignastýringar Arion banka og þeim sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð.

Nú stöndum við einnig frammi fyrir breytingu á stöðu framkvæmdastjóra okkar, en að loknum 8 farsælum og góðum árum hefur Snædís ákveðið að hverfa til annara starfa innan bankans. Við þökkum henni fyrir afar gott samstarf þessi 8 ár og faglega og góða vinnu fyrir sjóðinn okkar og óskum henni velfarnaðar á nýum vettvangi. Við starfi framkvæmdastjóra tekur Guðmundur Thorlacius sem hefur undanfarið sinnt starfi staðengils regluvarðar bankans, Guðmundur er lögfræðingur að mennt, hefur starfað hjá bankanum sl 13 ár við afar góðan orðstír og þekkir vel til sjóðsins okkar. Við bjóðum Guðmund velkomin og væntum mikils af hans störfum.

## 2. Kynning á ársreikningi

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri LSBÍ þakkaði fyrir 8 árin einstakt og gefandi samstarf. Því næst fór hún yfir lykilatriði í ársreikningi LSBÍ 2022 sem og yfirferð á breytingu á hreinni eign 2022, þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Iðgjöld hækkuðu um 17,6% frá árinu 2021 til 2022. Lífeyrisgreiðslur jukust um 11,7%, hreinar fjárfestingartekjur lækkuðu um -148,3%. Rekstrarkostnaður jókst um 7,3%. Breyting á hreinni eign frá 2021 til 2022 lækkaði um -12,1% sem má rekja meðal annars til erfiðra markaðsaðstæðna. Snædís ræddi ÍL málið og fór yfir stöðu LSBÍ sem og áhrif á eignasafn LSBÍ. Sjóðurinn á 10,5 miljarð í HFF og Íbúðarbréfum, sem er um 4,1% af eignarsafni sjóðsins. Lækun ef fært á kröfuvirði er 1,2 milljarður eða -4,73%.

Snædís fór yfir helstu skýringar og kennitölur í ársreikningnum. Farið var yfir: þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna 2011 til 2022 og þróun á hreinni eign til greiðslu lífeyris frá árinu 2010 til 2022. Snædís fór yfir efnahagsreikning 2022 sem og yfirlit yfir sjóðstreymi, sýndi yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu LSBÍ síðustu 12 árin. LSBÍ er nú með bestu tryggingafræðilega stöðu af öllum lífeyrissjóðum í landinu, heildarstaðan er -0,2%.

Snædís fór yfir rekstrarkostnað skýringu 5.1 og sagði frá leiðréttingu sem Frjálsi greiddi inn til LSBÍ vegna leiðréttigar á Virk iðgjaldi. Farið var yfir helstu áhættuþætti í starfsemi og áhættustýringu. Ávöxtun sjóðsins á árinu 2022 var -14,2% á raun, síðustu 5 árin var ávöxtunin 2,4% og 10 árin 3,8%.

Snædís vakti athygli á upplýsingagjöf á heimasíðu sjóðsins og skráningu á póstlista.

### **3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins**

Ólafur Örn Jónsson fór yfir ávöxtun og eignastýringu á árinu 2022. Fór yfir þróun markaða og helstu niðurstöður ársins 2022. Nafnávöxtun LSBÍ 2022 var -6,2% og raunávöxtun var -14,2%. Ólafur fór yfir niðurbrot ávöxtunar 2022 niður á einstaka eignaflokka. Einnig var farið yfir glæru sem sýndi raunávöxtun hvers árs s.l. 26 ár en meðal raunávöxtun yfir þetta tímabil er 5,7%. Fram kom í máli Ólafs að allir eignaflokkar hefðu skilað neikvæðri ávöxtun árið 2022 og ef ekki hefði komið til viðbragða markaðarins vegna fyrirhugaðra slita ÍL-sjóðs mætti áætla að raunávöxtun sjóðsins hefði verið í kringum -10% í staðinn fyrir -14,2%.

Ólafur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins miða við 31. desember 2022 í samanburði við eignasamsetningu 31. desember 2021. Aukning á árinu í eignaflokkum lítil, óveruleg breyting, eigna og tilfærslu innan skuldabréfasafni sjóðsins, áherslan á varfærna stefnu er óbreytt. Ólafur fór yfir sundurliðun innlendra skuldabréfa og innlendra hlutabréfa. Áherslubreyting á milli ára á fjárfestingarstefnu LSBÍ, óbreytt stefna í eignaflokkum. Innbyrðis breytingar í innlendum skuldabréfum. Tilfærsla úr kjarna í krydd. Dregið úr lítillega úr vægi ríkisskuldabréfa og vægi sértryggðra skuldabréfa. Lítillega aukið vægi í skuldabréfum félaga og víkjandi skuldabréfum fjármálafyrirtækja. Vikmörk voru aðlöguð í samræmi við áherslubreytingar. Ólafur fór yfir samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingasjóða. Þar kom fram að fjárfestingastefna LSBÍ væri mjög íhaldsöm.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

### **4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt**

**Bjarni Guðmundsson** tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar m.v. 31.12.2022. Bjarni fór yfir forsendur og reikniaðferð við matið. Samanburður á eignum lífeyrissjóðs og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris. Skuldbindingar eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga. Vænt niðurstaða metin með tölfraðilegum líkönum. Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, 391/1998. Frávik heimil ef það er talið gefa betri mynd af stöðu viðkomandi sjóðs. Mikilvægustu forsendur eru um vexti og

lífslíkur. Lífslíkur skv. reiknigrundvelli Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2020 með spá um áframhaldandi lengingu meðalævi. Hjá LSBÍ hefur sílik spá verið notuð frá árinu 2015 er nú orðin hluti af staðalforsendum allra lífeyrissjóða. Örorkulíkur 60% af meðaltali reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 2011-2016 (frávik frá staðalforsendum). Ávöxtun 3,5% umfram hækjun verðlags. Á síðasta ári var réttindaukning 6%. Heildarstaða fer úr +14% í -0,2%. Áfallin staða fer úr 7,7% í -0,2%.

Fundarstjóri lagði ársreikning LSBÍ 2022 til samþykkis fundarins.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

##### 5. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins

## AUÐKENNDAR BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF ÁSAMT SKÝRINGUM

---

Breytingar þær sem hér eru lagðar fram snúa að 10. gr. samþykktu sjóðsins.

Breytingar á 10. gr. eru til þess fallnar að aðlaga samþykktir sjóðsins að breyttum lögum og framkvæmd. Annars végar við upplýsingagjöf til sjóðfélaga og hins vega varðandi innheimtu iðgjalda. Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með rauðu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og yfirstrikun.

### Breytingar á 10. gr.

#### 10. gr. Iðgjöld

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en 40 ár.

Arion banki hf. greiðir 14,4% af sömu launum sjóðfélaga í iðgjöld til sjóðsins svo lengi sem sjóðfélagi er starfandi hjá bankanum. Iðgjöld bankans greiðast samtímis því, að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd sjóðnum. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er bankanum heimilt að lækka mótframlag sitt tímabundið, um 1% í 13,4%, ef það tryggingafræðilega mat sem unnið er fyrir sjóðstjórn með reglubundnum hætti samkvæmt lögum gefur til kynna að staða sjóðsins teljist vera svo sterkt að hægt sé tímabundið að lækka mótframlag bankans án þess að skerða réttindi.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 7. og 9. mgr. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 10. grein laga nr. 88/2003. (Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa).

Eigi sjaldnar en á hálfss árs fresti skal senda sjóðfélögum og rétthöfum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60

daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum og upplýsingum samkvæmt þessari grein með rafrænum hætti þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist, en við rafræna birtingu upplýsinga sem teljast almenns eðlis þarf bó ekki að krefjast auðkenningar sjóðfélaga. Slíkar upplýsingar verða almennt að finna á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélaga er þó ávallt frjálst að óska eftir að fá ofangreind gögn og upplýsingar á pappírsformi sér að kostnaðarlausu.

Senda skal lokaðvörun til launagreiðanda ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaðvunar.

Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Lokaðvörun til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt 4. mgr. Um innheimtu fer að öðru leyti eftir 9. mgr.

Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðenda og skapa réttindi samkvæmt því. Sjóðnum er þó heimilt að vikja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. 7. mgr. þessarar greinar fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðenda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

#### **Rökstuðningur:**

*Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á 10. gr. samþykktanna. Annars vegar til að uppfæra grein er fjallar um upplýsingagjöf sjóðsins til samræmis við breytingar á lögum nr. 129/1997 um lífeyrissjóði sem tóku gildi 1. apríl sl., en ákvæðið fjallar nú um að lífeyrissjóðum sé heimilt að ákveða að skila upplýsingar og yfirlit yfir iðgjöld sjóðfélaga með rafrænum hætti þar sem rafrænnar auðkenningar er krafist. Þó sé sjóðnum heimilt að hafa upplýsingar sem teljast almenns eðlis áfram á heimasíðu sjóðsins. Hins vegar er einnig lögð til breyting á grein sem fjallar um innheimtu iðgjalda sjóðfélaga. Greinin samræmist ekki því verklagi sem innheimtutækni býður upp á dag og er því lagt til að fella greinina úr gildi. Því skal þó haldið til haga að vanskil á iðgjöldum til sjóðsins þekkist ekki og því hefur ekki reynt á innheimtu þeirra. Engu að síður þykir stjórn eðlilegt að samþykktir endurspegli þá framkvæmd sem yrði farið í kæmi til þess.*

**Tillögur um samþykktabreytingarnar voru samþykktar samhljóða.**

#### **6. Kjör endurskoðanda**

Stjórn gerði tillögu um að Grant Thornton verði endurskoðandaskrifstofa og Davíð Arnar Einarsson endurskoðandi sjóðsins fyrir næsta starfsár.

**Tillagan var samþykkt samhljóða.**

#### **7. Kjör tveggja stjórnarmanna og varamanna þeirra til tveggja ára**

Framboð í aðalstjórn voru Ársæll Hafsteinsson og Tryggvi E. Geirsson. Í framboði til varastjórnar var Sigurður Kristjánsson og Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir. Engin mótframboð komu því var sjálfkjörið í stjórn.  
Tilnefnd af Arion banka hf. voru Brynja Þorbjörnsdóttir í aðalstjórn og í varastjórn Lára Jóhannsdóttir.

Óbreytt stjórn

#### **8. Laun stjórnarmanna**

Stjórn gerir tillögu um eftirfarandi stjórnarlaun:

Aðalmenn: 164.000 á mánuði

Formaður: 273.000 á mánuði

Varamenn: 66.000 fyrir hvern setinn fund

Endurskoðunarnefnd hækki um 9,5%

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram

*Tillagan var samþykkt samhljáða.*


#### **9. Önnur mál.**

Þá var gefið rúm fyrir önnur mál, engar fyrirspurnir komu fram.

Fleira var ekki tekið fyrir þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara.

Þá sagði stjórnarmaður fundi formlega slitið kl. 18:34 og þakkaði fyrir góðan fund, með góðri mætingu og gefandi samveru.

Reykjavík, 2. maí 2022

  
Ásta Eyjófsdóttir fundarstjóri

  
Unnur Elín Jónsdóttir ritari

